

# Gilitrutt

<b>Aldur barna</b>	2-3 ára	3-4 ára	4-5 ára	5-6 ára
<b>Námssvið</b>	Læsi og samskipti	Heilbrigði og vellíðan	Sjálfbærni og vísindi	Sköpun og menning
<b>Aðstæður</b>	Umhverfi Hvar sem er.		Árstíð Hvenær sem er.	

## Lýsing á verkefni

- Litlum plöstuðum myndum af hverri síðu bókarinnar er dreift á milli barnanna. Leikskólakennarinn þarf að vita hversu mörg eintök eru notuð í hvert sinn, þau geta verið frá 1-4.
- Börnin koma litlu myndunum fyrir í nágrenninu með því að hengja þær upp í tré, leggja á skjólgóða staði o.s.frv.
- Því næst er stóru myndunum dreift á börnin, annað hvort hvert og eitt eða í pörum. Að sjálfsgöðu geta öll börnin unnið saman að verkefninu með leikskólakennaranum líka og hjálpast að.
- Markmiðið er að sækja allar litlu myndirnar sem eru eins og stóra myndin sem hópurinn er með, þangað til allar litlu myndirnar hafa verið sóttar.
- Að sjálfsgöðu er hægt að nýta þennan leik fyrir hvaða sögu sem er, eða annað.

## Gögn

Allt að 4 litlar plastaðar myndir og samsvarandi ein stór mynd (A5), sjá mynd.

